

BÚNAÐARBANKINN  
60 ÁRA

*Afmælissýning*

myndlist úr safni bankans  
Kjarvalsstöðum  
21. apríl - 6. maí 1990



Búnaðarbanki Íslands tók til starfa 1. júlí árið 1930 og fagnar því 60 ára starfsafmæli á þessu ári. Á hálfrar aldar afmælinu fyrir 10 árum var stofnunar bankans minnt með umtalsverðu átaki til styrktar skógrækt og annarri landrækt á Íslandi. Landgræðsla hvers konar og umhverfisvernd er mál málanna hvarvetna í heiminum um þessar mundir og þá ef til vill ekki sízt á okkar landi við yzta haf. Búnaðarbankinn hefur leitazt við að styrkja þá starfsemi af fremsta megni á undanfönum árum og mun leggja sitt af mörkum í tilefni afmælisins.

En átaka er þörf á fleiri sviðum, og því ákvað stjórn bankans að fagna tímamótum að þessu sinni með einhverjum þeim hætti, sem tengdist jafnt mannrækt og landrækt. Einn þáttur mannræktarátaks gæti verið að kynna almenningu íslenzka myndlist, sem gamalgróin stofnun hefur eignað á langri leið. Því var þess farið á leit við stjórn og framkvæmdastjóra Kjarvalsstaða, að bankinn fengi nokkra daga til umráða í þessum tilgangi á afmælisárinu. Kann bankinn forráðamönnum hússins beztu þakkir fyrir.

Fyrsti vísir að myndlistarsafni bankans verður þó varla til fyrr en hann flytur úr Arnarhvoli í Austurstræti 9 og síðan í nýbyggt hús í Austurstræti 5 árið 1947. Þá var nýr afgreiðslusalarur bankans skreyttur stóru olíumálverki Jóns Engilberts og nýtízkulegum vírmyndum Sigurjóns Ólafssonar. Upp frá því hefur bankinn sett sér það mark að prýða húsakynni sin verkum íslenzkra listamanna starfsfólk og viðskiptavinum til yndisauka. Listamönnum þjóðarinnar hefur vonandi einnig verið styrkur að þessu framtaki. Upphafsmenn þessa safns í bankanum voru þeir Hilmar Stefánsson bankastjóri og Haukur Þorleifsson aðalbókari, og síðustu áratugina hefur svo Stefán Hilmarsson bankastjóri haft veg og vanda af málverkakaupunum.

Það er einlæg von Búnaðarbankans, að sýning þessi megi verða almenningu til ánægju og gleði.

## BÚNAÐARBANKI ÍSLANDS

Margar opinberar stofnanir hér á landi hafa að geyma merk söfn listaverka. Það hefur ekki farið fram hjá þeim sem fylgjast með íslenskri myndlist að Búnaðarbanki Íslands hefur í gegnum tíðina komið sér upp óvenju glæsilegu listasafni, sem hefur að geyma mörg af öndvegisverkum íslenskra myndlistarmanna. Það var því vel til fundið hjá forráðamönnum Búnaðarbankans að efna til sýningar á eigin safni í tilefni af 60 ára afmæli bankans og gefa þannig listunnendum tækifæri til að sjá sýnishorn úr þessu ágæta safni. Pessi menningarviðleitni Búnaðarbanka Íslands hefur markað honum sérstöðu, samtímis sem hún er innlegg í íslenska menningarsögu.


GUNNAR B. KVARAN  
forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur




Muggur (Guðmundur Thorsteinsson)  
Pórðarhöfði  
1921  
75 × 85




Gunnlaugur Scheving  
Við fjörðinn  
60 × 75



Finnur Jónsson  
Síldarrómantík  
110 × 95



Jóhann Briem  
Fagurt er á fjöllum  
95 × 80



Kristín Jónsdóttir  
Kona  
75 × 65



Eiríkur Smith  
Vormorgunn  
1988  
100 × 130




Svavar Guðnason  
Fönsun  
1948–49  
115 × 90



Porvaldur Skúlason  
Snöggleiftur  
1977  
80 × 90



Tryggvi Ólafsson  
Baga  
1984  
170 × 135



Jóhannes S. Kjarval  
Vor á fjöllum  
1959  
105 × 155